

Yfir-
flokkur Flokkur

- úr 85 Þjónustugreinar
- úr 851 Heimilishjálp
- 854 Þvottahús og þvottþjónusta, þurrhreinun og litun
- úr 855 Snyrtistofur og handsnyrtiþjónusta, að frátalinni þjónustu fót snyrta og skólum snyrtifræðinga og hárgreiðslufólks
- úr 856 Ljósmyndastofur: ljósmyndun og auglýsingaljósmyndun, að frátöldum blaðaljósmyndurum
- úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar, að frátöldum íþróttum og sjúkranuði og fjallaleiðsögumönnum, sem skiptast í eftirtalda flokka:
- viðhald og hreinun bygginga og gistirýmis
 - sóthreinsun og meindýraeyðing
 - fataleiga og geymsluaðstaða
 - hjúskaparmiðlun og önnur skyld þjónusta
 - stjörnuspeki, spádómar og þess háttar
 - skolp og sorphirða og önnur skyld starfsemi
 - útfararþjónusta og viðhald kirkjugarða
 - fararstjórar og túlkandi leiðsögumenn

3. maí 1999

Nr. 303

REGLUGERÐ

um afladagbækur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar veiðar íslenskra fiskiskipa hvort sem þær fara fram innan eða utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglum um viðkomandi veiðar.

2. gr.

Allir skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem veiðar stunda í atvinnuskyni skulu halda sérstakar afladagbækur. Þær upplýsingar sem þar eru skráðar skulu nýtast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna er varða stjórnun fiskveiða. Að öðru leyti skulu upplýsingar úr afladagbókum vera trúnaðarmál milli ofangreindra aðila og skipstjóra.

3. gr.

Fiskistofa gefur út afladagbækur sem skipstjórar skulu færa svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Bækurnar skulu vera innbundnar, í tvíriti og með númeruðum síðum. Skal Fiskistofa hafa yfirlit yfir hvaða síðunúmer eru í bókum sem ætlaðar eru til notkunar í hverju skipi. Óheimilt er að fjarlægja síður úr bókum, sbr. þó 8. gr.

Allt sem fært er í afladagbók, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu lettri. Ekki má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði áfram vel læsileg að leiðréttingu lokinni.

4. gr.

Heimilt er að færa afladagbækur á rafrænan hátt, enda sé til þess notað forrit sem hlotið hefur samþykkt Fiskistofu, og skráning sé gerð samkvæmt leiðbeiningum Fiskistofu. Í rafrænar afladagbækur skal færa allar upplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Skal gerð krafa um að unnt sé rekja allar breytingar sem kunna að vera gerðar á skráningum. Þá getur Fiskistofa m.a. gert kröfu um að byggt sé á ákveðnum kóðum og stöðlum.

5. gr.

Skipstjórum er skylt að skrá eftirfarandi upplýsingar í afladagbók:

1. nafn skips, skipaskrárnúmer og kallmerki,
2. veiðarfæri, gerð og stærð,
3. staðarákvörðun (breidd og lengd) og tími þegar veiðarfæri er sett í sjó,
4. afli eftir magni og tegundum,
5. veiðidagur,
6. löndunarhöfn.

Ef fleiri en eitt skip stunda veiðar með sama veiðarfæri, skal færa í afladagbók hvers skips fyrir sig í samræmi við þessa reglugerð. Einnig skal skrá hvaða skip önnur stunda veiðarnar. Þó skal einungis skrá afla í samræmi við það magn sem tekið er um borð í viðkomandi skip.

Að auki ber að færa í afladagbækur aðrar upplýsingar sem kveðið er á um í bókunum sjálfum.

Allar færslur í afladagbók skulu vera í samræmi við leiðbeiningar í bókunum.

Skipstjóri skal undirrita hverja síðu.

6. gr.

Afla sem fæst í hverju hali/kasti skal færa í afladagbók svo skjótt sem verða má, og áður en næsta hal/kast er tekið um borð.

Í upphafi hverrar veiðiferðar skal byrja á nýrri síðu í afladagbók.

Við línu-, neta-, og handfæraveiðar er heimilt að færa fleiri en eina veiðiferð á hverja síðu, þó skal færa heildarafla hvers sólarhrings sérstaklega. Við þessar veiðar er ekki nauðsynlegt að færa í samræmi við lið 3 í 5. gr. að öðru leyti en tíma þegar veiðar hefjast og lýkur, og veiðisvæði.

Í lok hverrar veiðiferðar skal afladagbók vera að fullu færð.

7. gr.

Skipstjóra er skylt að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu aðgang að afladagbók og aðstoð við að sannreyna upplýsingar sem færðar hafa verið í afladagbókina.

8. gr.

Skylt er að senda útfyllt og undirritað frumrit afladagbókareyðublaðs til Fiskistofu innan tveggja vikna frá lokum hvers mánaðar. Fiskistofa getur framlengt skilafrest um allt að fjórar vikur vegna sérstakra aðstæðna s.s. langra veiðiferða, eða ef veiðar eru stundaðar langt frá Íslandi.

Um skil á afladagbókum sem skráðar eru á rafrænan hátt fer skv. ákvörðun Fiskistofu.

Afladagbók skal ávallt vera um borð í veiðiskipi og skal afrit af henni geymt um borð í skipinu í a.m.k. 2 ár frá því að frumriti var skilað til Fiskistofu.

9. gr.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, fyrir brot á reglugerð þessari eftir því sem nánar er um mælt í lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 151, 27. desember 1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí. 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands öðlast gildi 1. september 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu 3. maí 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Skipum sem heimild hafa til veiða á úthafs-rækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
3. Fyrir Vesturlandi austan 25°30'V milli 64°00'N og 65°30'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar á svæðinu.
4. a. Fyrir Norðurlandi á svæði milli 21°10'V og 18°00'V innan línu sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar allt árið öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri og skipum með aflvísi 2000 eða hærri.
b. Fyrir Norðurlandi á svæði frá línu sem dregin er réttvísandi norður frá Horni að 18°00'V sunnan 66°40'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar, öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 1. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar, sbr. þó a-lið.